

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 12. mars 2010 í máli nr. E-4686/2009:

Sigurbjörn Þór Bjarnason

(Steingrímur Þormóðsson hrl.)

gegn

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Gestur Óskar Magnússon hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar 2010, var höfðað 14. apríl 2009. Stefnandi er Sigurbjörn Þór Bjarnason, Álfheimum 11, Reykjavík, en stefndi er Tryggingamiðstöðin hf., Síðumúla 24, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.915.765 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 31. júlí 2006 til 12. september 2008 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum, annars vegar að fjárhæð 1.774.000 krónur, sem greiddust inn á kröfuna hinn 20. september 2006 og hins vegar að fjárhæð 27.570 krónur, sem greiddust inn á kröfuna hinn 10. nóvember 2009. Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað, þar með talinn kostnað af mati að fjárhæð 150.000 krónur.

Dómkröfur stefnda eru að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað.

II

Málavextir eru þeir að hinn 27. júlí 2007 lenti stefnandi í umferðaróhappi á bifreið sinni, skráningarnúmer VY 111 af tegundinni Opel Omega Caravan, árgerð 2002, við heimili sitt í Álfheimum í Reykjavík. Voru tildrög óhappsins þau að stefnandi hugðist aka bifreiðinni afturábak inn í innkeyrsluna að Álfheimum 11, þar sem hann býr. Lenti hægra afturhorn bifreiðarinnar á lágum steyptum steinvegg norðan megin innkeyrslunnar. Setti stefnandi bifreiðina í áframgír og þegar hann ók áfram missti hann vald á bifreiðinni sem fór á miklum hraða til vesturs yfir Álfheima í hægri beygju og stöðvaðist á húsi nr. 24 við Álfheima.

Bifreiðin var á tjónsdegi tryggð kaskótryggingu hjá stefnda og er ágreiningslaust að tjónið er bótaskyld úr kaskótryggingunni og að bifreiðin hafi orðið fyrir algeru tjóni við umferðaróhappið.

Vegna uppgjörs úr kaskótryggingu ökutækisins leitaði stefndi álits á verðmæti bifreiðarinnar hjá sölustjóra Ingvars Helgasonar ehf. og söluráðgjafa notaðra bíla hjá sama fyrirtæki. Bar álitum þeirra ekki saman og var hærra matið á bilinu 1.800.000-1.900.000 krónur. Samkvæmt skaðabótakvittun og afsali 14. september 2006 greiddi stefndi stefnanda 1.774.000 krónur og stefnandi afsalaði bifreiðinni til stefnda. Fjárhæðin var þannig fundin út að kaupverðið var 1.850.000 krónur að frádreginni eigin áhættu að fjárhæð 76.000 krónur. Var greiðslan innt af hendi 20. september 2006 og tók stefnandi við greiðslunni með fyrirvara um tjónsfjárhæð.

Með matsbeiðni 5. febrúar 2008 óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanns til að meta verðmæti bifreiðarinnar og kemur fram í matsbeiðni að tilgangur matsbeiðni sé að fá mat á því hvað það hefði kostað stefnanda að útvega sér sams konar bifreið eða eins bifreið og hann missti í umferðaróhappinu þar sem um hafi verið að ræða bifreið sem ekki hafi verið til á markaði hér á landi og því hefði þurft að útvega bifreiðina frá útlöndum með tilheyrandi kostnaði. Var Guðlaugur B Ásgeirsson löggiltur bifreiðasali dómkvaddur til verksins hinn 29. febrúar 2008. Í niðurstöðu matsgerðar sem dagsett er 12. ágúst 2008 kemur fram að kostnaður við að útvega sams konar bifreið hinn 31. júlí 2006 væri 2.915.765 krónur.

Lögmaður stefnanda sendi lögmanni stefnda bréf 12. ágúst 2008 ásamt framangreindri matsgerð og krafði stefnda um greiðslu bóta í samræmi við niðurstöðu hennar. Með tölvupósti stefnda til lögmanns stefnanda var honum tilkynnt að stefndi ætlaði að fara fram á dómkvaðningu matsmanns, þar sem forsendur fyrirbyggjandi matsgerðar byggji á enduröflunarsjónarmiðum en ekki markaðsverði. Með beiðni stefnda 27. nóvember 2008 var óskað dómkvaðningar matsmanns til að meta verðmæti bifreiðarinnar VY 111. Var Guðmundur Albertsson löggiltur bifreiðasali dómkvaddur til verksins 13. febrúar 2009. Matsgerð hans er dagsett 1. nóvember 2009 og er það niðurstaða hans að staðgreiðsluverð bifreiðarinnar sé 1.870.000 krónur. Ásett verð væri ca. 2.080.000 krónur og hafi eðlilegur staðgreiðsluafsláttur á sínum tíma verið ca. 10%.

Með tölvupósti til lögmanns stefnanda tilkynnti lögmaður stefnda um niðurstöðu matsgerðar Guðmundar og með vísan til þess væru stefnanda greiddar þær 20.000 krónur sem væri mismunur á niðurstöðu matsgerðarinnar og áður greiddri fjárhæð og greiddi stefndi hinn 10. nóvember 2009 þá fjárhæð ásamt vöxtum eða samtals 27.570 krónur.

Stefndi telur sig með framangreindum greiðslum hafa gert upp tjón stefnanda að fullu en stefnandi telur að tjón hans skuli reikna á grundvelli matsgerðar Guðlaugs B. Ásgeirssonar um hvað það hefði kostað stefnanda að útvega sér sams konar bifreið eða eins bifreið frá útlöndum þar sem slík bifreið hafi ekki verið til á Íslandi.

III

Stefnandi byggir kröfu sína á því að hann eigi rétt á því að fá verðmæti bifreiðarinnar greitt miðað við tjónsdag. Markaðsvirði bifreiðarinnar hljóti að vera háð þeim aðstæðum sem séu í þessu máli, en hér á landi hafi ekki verið til sambærilegar bifreiðar og því hafi orðið að panta eins bifreið frá framleiðslulandi bifreiðarinnar, Þýskalandi.

Byggir stefnandi á því að orðin „sambærileg bifreið“ í tryggingaskilmálum eigi við bifreið af sömu tegund, aldri og gerð og sú bifreið hafi verið sem krafist sé bóta fyrir eða hafi eyðilagst. Ekki sé tækt að miða við sambærilegar bifreiðir að einhverju öðru leyti, þ.e. svipaðar, en ekki af sömu gerð þó tegundin geti verið sú sama.

Stefnandi byggir einnig á að hann eigi rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu en raunvirði bifreiðarinnar sé eins og kveðið sé á um í mati matsmannsins Guðlaugs Ásgeirssonar en það sama eigi við um endurkaupsverð bifreiðarinnar. Um sé að ræða váttryggingarverðmæti bifreiðarinnar.

Þá kveðst stefnandi einnig byggja kröfur sínar á samningum um evrópska efnahags svæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við geti átt. Þá byggji hann á því að stefnda hafi borið að kanna markaðsvirði bifreiðarinnar í Þýskalandi og Evrópu varðandi boð hans um bætur til stefnanda.

Stefnufjárhæð sé byggð á mati Guðlaugs Ásgeirssonar, þ.e. endurkaupsverð að fjárhæð 2.915.765 krónur að frádregnum innborgunum samtals að fjárhæð að fjárhæð 1.801.570 krónur.

Um lagarök vísar stefnandi til 35. gr. laga nr. 30/2004 í heild sinni, sbr. 3. gr. þeirra laga. Þá vísar hann til 39. gr. laganna.

IV

Stefndi kveðst ekki geta fallist á það að meta eigi tjón stefnanda miðað við kostnað við enduröflun sams konar bifreiðar frá Þýskalandi. Samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sé það samningsatriði milli váttryggingarfélags og váttryggingartaka hver váttryggingarfjárhæðin sé og hvernig váttryggingarverðmætið skuli ákveðið, sbr. 1. mgr. 35. gr. laganna. Það geti verið gert með ýmsu móti, til dæmis að miðað skuli við nývirði váttryggðs munar, notagildi hans, markaðsvirði, enduröflunarkostnaðar o.s.frv.

Um kaskótryggingu ökutækja, sem tryggð séu slíkri tryggingu hjá stefnda, gildi váttryggingarskilmálar nr. 230. Í þeim sé kveðið á um alla þætti er máli skipti í tengslum við trygginguna, meðal annars um váttryggingarverðmæti, tjónsuppgjör og bótaákvörðun.

Í grein 17.1 í skilmálum kaskótryggingar segi að verði algert tjón beri félaginu að greiða markaðsvirði ökutækisins (gegn staðgreiðslu) sbr. 15. gr. Í 15. gr. segi meðal annars að váttryggingarverðmæti ökutækis sé ávallt markaðsvirði þess, en það sé sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum hafi kostað á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Ljóst sé að miða eigi við forsendur váttryggingarskilmála þegar verðmæti bifreiðar sé metið. Kveði þeir á um markaðsvirði, þ.e. hvað sambærilegt ökutæki hefði kostað á almennum markaði á tjónsdegi. Váttryggingartaki geti ekki valið annan mælikvarða en um hafi verið samið í váttryggingarsamningi eftir því hvað henti hverju sinni. Augljóst sé að verðmæti bifreiðar á grundvelli enduröflunarsjónarmiða geti verið annað en verðmæti á grundvelli markaðsvirðis/söluverðmætis sem kaskóskilmálar byggja á.

Stefndi telji þá röksemd stefnanda ekki ganga upp að þar sem sambærileg bifreið og hans hafi ekki verið til á Íslandi á tjónsdegi verði að miða við kostnað við að fá slíka bifreið til landsins frá Þýskalandi. Stefndi telji augljóst að hlutir hafi markaðsverð eða að unnt sé að meta markaðsvirði þeirra, þó svo að fáir eða engir sambærilegir hlutir séu til sölu á markaði á því tímamarki. Viðkomandi hlutir séu þá metnir til markaðsverðs og eftir þeim sjónarmiðum sem tíðkist á markaði. Telji stefndi það því engu skipta þó svo að almennu listaverði sé ekki til að dreifa fyrir bifreiðar af gerðinni Opel Omega, þar sem sú bifreiðategund sé ekki flutt inn af umboði Opel á Íslandi, en stefnandi hafi sjálfur flutt inn bifreið sína frá Þýskalandi á árinu 2005. Samkvæmt váttryggingarskilmálum eigi einfaldlega að miða við hvert hefði verið söluverð bifreiðarinnar VY 111 hefði hún gengið kaupum og solum á almennum markaði hér á landi á tjónsdegi hinn 27. júlí 2006.

Á fyrri stigum málsins hafi stefndi leitað til tveggja reyndra aðila hjá Ingvari Helga syni ehf., sem hafi umboð fyrir Opel bifreiðar hér á landi. Hafi annar þeirra verið söluráðgjafi notaðra bíla hjá fyrirtækinu. Á grundvelli hæsta mats þessara aðila hafi stefndi byggt tilboð sitt að uppgjöri. Þegar svo matsgerð hafi legið fyrir frá Guðmundi Albertssyni hafi stefndi greitt stefnanda mismun á markaðsvirði samkvæmt matsgerðinni og áður greiddra bóta. Telji stefndi sig því hafa gert upp bætur fyrir algert tjón á ökutækinu miðað við markaðsvirði þess á tjónsdegi og breyti mat það, sem stefnandi byggði á, engu um þá niðurstöðu enda byggði það á enduröflunarsvirði en ekki markaðsvirði á almennum markaði eins og 15. gr. kaskóskilmála áskilji.

Stefndi mótmælir því að honum hafi borið að kanna markaðsvirði bifreiðarinnar í Þýskalandi og Evrópu og kveðst ekki sjá á hverju sú skylda byggði. Liggi fyrir að unnt hafi verið að finna markaðsvirði bifreiðarinnar hér á landi eins og gert hafi verið með öflun álita frá umboði Opel hér á landi og matsgerð Guðmundar Albertssonar. Sé og ljóst að bifreiðar kunni að hafa mismunandi markaðsvirði eftir mismunandi mörkuðum og því sé ekki unnt að leggja markaðsvirði á einum markaði til grundvallar öðrum fyrirvaralaust.

Stefndi mótmælir kröfu um 4,5 % ársvexti frá 31. júlí 2006 til 12. september 2008 þar sem hún samrýmist ekki ákvæðum váttryggingasamningsalaga um vexti af váttryggingarbótum, sbr. 50. gr. laganna. Þá telur stefndi að miða beri dráttarvexti við birtingu stefnu eða dómsuppsögudag.

Stefndi vísar til váttryggingarsamnings aðila nr. 230 og laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, einkum 35. og 50. gr. þeirra laga. Um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Samkvæmt 1.mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 á váttryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið. Þá segir í 2. mgr. að ef ákveða eigi bætur í samræmi við viðgerðarkostnað eða endurkaupsverð geti váttryggður krafist bóta fyrir slíkan kostnað þótt viðgerð eða endurkaup hafi ekki átt sér stað. Þetta gildi þó ekki ef annað leiði af váttryggingarskilmálum eða lögum. Þá segir í 3. mgr. að váttryggður geti krafist bóta í peningum þegar annað leiði ekki af váttryggingarskilmálum eða lögum.

Milli aðila var gerður váttryggingarsamningur og er ekki ágreiningur um tjón stefnanda gildi váttryggingarskilmálar nr. 230 um kaskótryggingu ökutækja. Í 15. gr. þeirra segir að váttryggingarverðmæti sé ávallt markaðsvirði þess, en það sé sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Þá segir í 17. gr. skilmálanna að verði algert tjón beri félaginu að greiða markaðsvirði ökutækisins (gegn staðgreiðslu), sbr. 15. gr.

Greinir aðila á um hvert hafi verið markaðsvirði umræddrar bifreiðar. Telur stefnandi að orðin: „sambærileg bifreið“ í skilmálunum eigi við að viðmiðunin þurfi að vera við bifreið af sömu tegund, aldri og gerð. Sé ekki tækt að miða við svipaðar bifreiðar en ekki sömu gerðar þó tegundin geti verið sú sama.

Í matsgerð Guðlaugs B. Ásgeirssonar sem stefnandi byggir kröfur sínar á eru forsendur mats þær að spurning til matsmanns laut að því hvað það hefði kostað stefnanda að útvega sér sams konar bifreið frá útlöndum. Útreikningur matsmannsins miðast við að affallareikna upphaflegt kaupverð bifreiðarinnar þegar stefnandi keypti hana frá Þýskalandi á 19.900 evrur um 1,5% á mánuði frá 23. maí 2005 til 31. júlí 2006. Kemst matsmaðurinn að því að samkvæmt þessum útreikningum hefði kaupverð bifreiðarinnar 31. júlí 2006 verið 15.721 evra eða 1.464.882 krónur miðað við almennt gengi Glitnis 31. júlí 2006. Þá gefur matsmaður sér að stefnandi hefði notað sömu aðferð við að koma bifreiðinni til Íslands og áður og með greiðslu opinberra gjalda að fjárhæð 1.216.948 krónur, flutningskostnaðar að fjárhæð 233.935 krónur og skráningargjalda ofl. að fjárhæð 18.498 krónur væri svar við spurningu matsbeiðanda 2.915.865 krónur.

Í tilvitnuðum ákvæðum váttryggingarskilmálanna er talað um að markaðsvirði bifreiðar sé sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kosti á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Samkvæmt orðanna hljóðan ákvæðisins þarf umrætt ökutæki ekki að vera nákvæmlega eins heldur aðeins sambærilegt að tegund, aldri eða gæðum.

Samkvæmt matsgerð Guðmundar Albertssonar, sem stefndi byggir kröfur sínar á, leggur hann mat á verðmæti bifreiðarinnar VY 111 og kemur þar fram að verðmatið sé byggt á viðmiðunarverðskrá bílgreinasambandsins þar sem sambærilegir bílar hafi verið fluttir inn af umboðsaðila Opel á Íslandi, Ingvari Helgasyni ehf. Samkvæmt viðmiðunarverðskrá þessari frá 27. júlí 2006 hafi viðmiðunarverð á sambærilegri bifreið og stefnanda verið um 1.880.000 krónur. Bifreið stefnanda hafi verið með ýmsan aukaútbúnað eins og GPS leiðsögutæki, 17“ álfelgur, Webasto miðstöð ásamt fleiru og mat matsmaður að hæfilegt verðmæti þessa aukaútbúnaðar væri um 200.000 krónur. Er það því niðurstaða matsmannsins að verðmæti bifreiðarinnar hafi verið um 2.080.000 krónur og hafi eðlilegur

staðgreiðsluafsláttur verið 10%. Þannig sé staðgreiðsluverðmæti bifreiðarinnar á tjónsdegi 1.870.000 krónur.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið liggja frammi tvær matsgerðir sem byggja á ólíkum forsendum. Verður af tilgreindum ákvæðum váttryggingaskilmálanna ekki séð að við mat á markaðsvirði bifreiðarinnar geti stefnandi lagt saman uppreiknað kaupverð bifreiðar í Þýskalandi og kostnað sem hlýst af því að flytja hana til Íslands. Hlýtur við mat á markaðsvirði bifreiða hér á landi að þurfa að líta til þess hvað sambærilegt ökutæki kostar á almennum markaði hér á landi á hverjum tíma enda er það í samræmi við váttryggingarskilmála þá sem við eiga í máli þessu.

Enda þótt ekki hafi verið á þessum tíma til hér á landi nákvæmlega eins bifreiðar og stefnandi átti verður af fyrirbyggjandi gögnum ráðið að unnt hafi verið að meta markaðsvirði hennar með því að bera hana saman við sambærilegar bifreiðar sömu tegundar eins og matsmaðurinn Guðmundur Albertsson gerði í matsgerð sinni. Við skýrslutöku af matsmanni fyrir dómi kom fram að hann á að baki yfir 20 ára reynslu sem bifreiðasali. Enda þótt matsmaður hafi ekki haldið matsfund svo sem honum bar verður í ljósi þess hvers eðlis matið var ekki séð að það hafi hamlað stefnanda að bregðast við því enda ber matið með sér að matsmaður studdist við viðmiðunarverðskrá bílgreinasambandsins sem hann kvað vera aðgengilega á netinu og hefði stefnanda átt að vera í lófa lagið að afla þessara gagna ef hann taldi þörf á því. Þá er til þess að líta að markaðsvirði bifreiðarinnar samkvæmt matsgerð þessari er hærra en þau verð sem stefndi hafði á sínum tíma afla frá sölustjóra og söluráðgjafa notaðra bifreiða hjá umboði því sem flytur inn bifreiðar af tegundinni Opel. Samkvæmt þessu hefur matsgerðinni ekki verið hnekkt og þykja ekki þeir gallar á henni að ekki verði á henni byggt í málinu.

Fullyrðing stefnanda um að stefnda hafi við mat á tjóni stefnanda borið að kanna verðmæti sams konar bifreiða í Þýskalandi og Evrópu er engum gögnum studd og því haldlaus. Ekki verður af málatilbúnaði stefnanda ráðið hvernig ákvæði 3. og 39. gr. laga um váttryggingarsamninga eða lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið varða kröfur hans.

Að því virtu sem nú hefur verið rakið hefur stefnandi ekki sýnt fram á það með haldbærum gögnum að fjárhæð sú sem stefndi hefur þegar greitt honum vegna tjónsins á bifreiðinni VY 111 hafi verið of lág og hefur hann því fengið tjón sitt bætt að fullu.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Steingrímur Þormóðsson hrl. en af hálfu stefnda flutti málið Gestur Óskar Magnússon hdl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar.

Málskostnaður fellur niður.

Greta Baldursdóttir